

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/158****2020/EES/69/45****frá 5. febrúar 2020****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/799 að því er varðar innbyggðan vigtunarbúnað (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum (1), einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Uppsetning innbyggðs vigtunarbúnaðar er kostur sem aðildarríkjunum býðst, skv. 5. mgr. 10. gr. d í tilskipun ráðsins 96/53/EB (2), til að hafa eftirlit með ökutækjum eða samtengdum ökutækjum sem hafa mögulega farið yfir leyfilega hámarksþyngd.
- 2) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1213 (3) er mælt fyrir um ítarleg ákvæði til að tryggja samræmdar reglur um rekstrarsamhæfi og samrýmanleika innbyggðs vigtunarbúnaðar.
- 3) Þar eð kröfur framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1213 stangast á við ákvæðin um innbyggðan vigtunarbúnað, sem sett eru fram í 14. viðbæti við I. viðauka C við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/799 (4), ætti þar af leiðandi að breyta þessum viðauka í því skyni að fella brott lið 5.5 í 14. viðbæti.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutninga á vegum sem um getur í 3. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 165/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Liður 5.5 í 14. viðbæti við I. viðauka C við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/799 er fellur brott.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 34, 6.2.2020, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum, niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 um samhæfingu tiltekinnar ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum (Stjttíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 1).

(2) Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu (Stjttíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1213 frá 12. júlí 2019 um ítarleg ákvæði sem tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd reglna um rekstrarsamhæfi og samrýmanleika innbyggðs vigtunarbúnaðar samkvæmt tilskipun ráðsins 96/53/EB (Stjttíð. ESB L 192, 18.7.2019, bls. 1).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/799 frá 18. mars 2016 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 165/2014 þar sem mælt er fyrir um kröfur um smíði, prófun, uppsetningu, virkni og viðgerðir ökurita og íhluta þeirra (Stjttíð. ESB L 139, 26.5.2016, bls. 1).

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
